

|                          |            |
|--------------------------|------------|
| Bæjarskrifst. Garðabæjar |            |
| Mótt.dags.               | 09.11.2016 |
| Málalykill               |            |
| Mál nr.                  | 161104     |



Bæjarráð Garðabæjar  
 Áslaug Hulda Jónsdóttir form.  
 Skrifstofa Garðabæjar  
 Garðatorgi 7  
 210 Garðabær

Reykjavík, 24. október 2016

**Efni: Sandskeiðslína 1 og Kolviðarhóslína 2. Viðræður við sveitarfélög.**

Landsnet hf. hefur um árábil unnið að uppbyggingu raforkuflutningskerfisins á Suðvesturlandi undir vinnuheitinu *Suðvesturlínur*. Skýrsla um mat á umhverfisáhrifum Suðvesturlína lá fyrir í ágúst 2009. Skipulagsstofnun veitti álit sitt hinn 17. september 2009 þar sem fallist var á mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar með skilyrðum um vöktun. Gert er ráð fyrir þessum framkvæmdum í aðalskipulagi hlutaðeigandi sveitarfélaga, þ.m.t. Mosfellsbæjar, Reykjavíkur, Kópavogs, Garðabæjar og Hafnarfjarðar.

Hluti verkefnisins Suðvesturlínur felst í niðurrifi svonefndra Hamraneslína 1 og 2, sem liggja frá Geithálsi að Hamranesi við Hafnarfjörð. Er mikil áhersla lögð á þessa breytingu af hálfu sveitarfélaga á svæðinu, ekki síst Hafnarfjarðar. Til að unnt sé að ráðast í hana þarf að reisa háspennulínu sem liggja mun samhliða svonefndri Búrfellslínu 3 frá Sandskeiði í Hafnarfjörð og kemur í stað Hamraneslína. Nefnist framkvæmdin Sandskeiðslína 1 og verður reist sem 220 kV háspennulína en möguleiki er að breyta henni þannig að hún verði rekin á 420 kV spennu. Þá er til framtíðar gert ráð fyrir annarri línu samhliða Sandskeiðslínu 1 og Búrfellslínu 3, er hefur fengið vinnuheitið Kolviðarhóslína 2, 220 kV.

Landsnet gerir ráð fyrir að Sandskeið verði einn mikilvægasti tengipunktur í flutningskerfi raforku á Íslandi og hefur tryggt sér með samningum við landeigendur nauðsynleg landsréttindi þar að lútandi. Í framtíðaráætlunum er gert ráð fyrir að þar verði tengivirki sem leysi að miklu leyti tengivirkið á Geithálsi af hólmi. Um verður að ræða yfirbyggt tengivirki sem tekur mun minna pláss en hefðbundin úttingivirki líkt og það sem er á Geithálsi.

Á meðfylgjandi yfirlitskorti má sjá þær breytingar sem fyrirhugað er að gera í áföngum frá Sandskeiði að Hafnarfirði, ásamt niðurrifi Hamraneslína 1 og 2., innan lögsagnarumdæmis Garðabæjar.

Í fyrsta áfanga framkvæmda er gert ráð fyrir að reist verði 220 kV tengivirki með 6 rofareitum í landi Elliðakots í Mosfellsbæ, sem tengi hina fyrirhuguðu Sandskeiðslínu 1 sem liggur svo að tengivirki í Hafnarfirði. Í landi Garðabæjar mun Sandskeiðslína 1 liggja samhliða núverandi Búrfellslínu 3. Þegar Sandskeiðslína 1 verður komin í rekstur verða Hamraneslínur 1 og 2 rifnar, enda þá fyrst forsendur til taka þær úr rekstri.

Í síðari áföngum verður Kolviðarhóslína 2, 220 kV, byggð frá tengivirki við Kolviðarhól og að tengivirki við Sandskeið og þaðan samhliða Sandskeiðslínu 1 og Búrfellslínu 3 til Hafnarfjarðar.

Landsnet starfar á grundvelli III. kafla rafkulaga, nr. 65/2003, og ber að byggja flutningskerfið upp á hagkvæman hátt að teknu tilliti til öryggis, skilvirkni, áreiðanleika afhendingar, gæða raforku og stefnu stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfis

*Handwritten signature/initials*



raforku, sbr. 9. gr. laganna. Mikilvægt er að ráðast í framkvæmdir við Sandskeiðslínu 1 sem allra fyrst.

Sótt verður sérstaklega um framkvæmdaleyfi sveitarstjórna á grundvelli 13.-16. gr. skipulagslaga, nr. 123/2010.

Innan lögsagnarumdæmis Garðabæjar liggur línuleiðin að langmestu leyti um land sem er í eigu sveitarfélagsins. Einvörðungu að mjög litlu leyti er framkvæmdin innan þess svæðis sem úrskurðað var þjóðlenda með úrskurði Óbyggðanefndar hinn 31. maí 2006, í máli nr. 2/2004. Í úrskurðinum var áréttað að Landsnet nyti lögvarins réttar til nýtingar eigna sinna innan þjóðlendunnar, m.a. Búrfellslínu 3.

Með erindi þessu vill Landsnet leita eftir heimild Garðabæjar sem landeigenda til framkvæmda hvað varðar það svæði sem er utan þjóðlendumarka og í eigu Garðabæjar, sbr. 21. gr. raforkulaga.

Þá er einnig nauðsynlegt að leita eftir samþykki Garðabæjar á grundvelli 3. mgr. 3. gr. laga um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlenda og afrétta, nr. 58/1998, til að nýta landsréttindi innan þjóðlendunnar, að því marki sem hún liggur innan lögsagnarumdæmis Garðabæjar. Um ótímabundna afnotakvöð er að ræða er felur í sér takmarkanir á landnotkun innan helgunarsvæðis háspennulínanna. Vegna þessa þarf einnig samþykki forsætisráðherra, sbr. meðfylgjandi afrit af bréfi Landsnets til forsætisráðuneytisins.


Áréttað er að eins og hér háttar koma tvær háspennulínur í stað tveggja annarra háspennulína sem lagðar eru af. Land undir háspennulínur samhliða Búrfellslínu 3 er annars eðlis og að mati Landsnets ekki jafn verðmætt og það land sem losnar undan kvöðum flutningskerfisins á Heiðmerkursvæðinu við niðurrif Hamraneslínu 1 og 2. Auk þess eru mastur þeirra háspennulína mun hærri en alla jafna þar sem hvert mastur ber tvær háspennulínur. Í ljósi þessa telur Landsnet eðlilegt að sveitarfélagið og ráðherra veiti heimild til byggingar Sandskeiðslínu 1 og Kolviðarhóslínu 2 án þess að sérstakar greiðslur komi á móti, hvort sem er á grundvelli 4. mgr. 3. gr. laga nr. 58/1998 eða 21. gr. raforkulaga, með vísan til þess að landi er skilað til sveitarfélagsins með niðurrifi Hamraneslína 1 og 2.

Þannig er gert ráð fyrir að lengd nýrra lína innan lögsagnarumdæmis Garðabæjar verði eftirfarandi: a) innan þjóðlendu verði línulengd 775 m en ekkert mastur og b) innan eignarlands Garðabæjar verði línulengd 1.834 m og 6 möstur samtals. Innan lögsagnarumdæmis Garðabæjar í Heiðmörk verður 4.502 m línuleið lögð af og samtals 13 möstur rífin.

Ítrekað er að mikilvægt er að ráðast í framkvæmdir við Sandskeiðslínu 1 sem fyrst og öll áhersla lögð á að öll leyfi liggi fyrir eigi síðar en 1. desember 2016. Er því óskað eftir því að afgreiðslu þessa erindis verði hraðað sem kostur er.

Undirritaður veitir nánari upplýsingar ef óskað er í s. 563-9359 eða [thorarin@landsnet.is](mailto:thorarin@landsnet.is).

Virðingarfyllt,  
f.h. Landsnets hf.

  
Þórarinn Bjarnason verkefnisstjóri